

Nd.

689. Frumvarp til laga

um Kennaraskóla Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Kennaraskóli Íslands starfar í fjórum ársdeildum, eigi skemur en 7 mánuði á ári.

2. gr.

Tilgangur skólans er að búa nemendur undir kennarastarf í barnaskólum.

3. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur sem karla. Kennslan veitist ókeypis.

4. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar:

Íslenzku og íslenzkar bókmenntir, eitt Norðurlandamál, ensku eða þýzku, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði og siðfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, teikningu, söng, handavinnu, skrift, íþróttir.

Heimilt skal að halda námskeið við skólann í ýmsum framan nefndum greinum, enn fremur í garðyrkju og trjárækt, þegar kostur er.

Í kennslunni skal hafa sérstakt tillit til þess, að nemendur eigi sjálfir að kenna þessar námsgreinar og verða síðar leiðtogar barna og unglinga.

5. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. Að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra seytján ára um næstu áramót og ári eldri fyrir hverja aðra ársdeild. Þó getur fræðslumálastjórn veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
2. Að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða gert hann sjálfan óhæfan til kennarastarfa.
3. Að nemandi sé óspilltur að siðferði.

6. gr.

Til þess að vera tekinn í fyrstu ársdeild, þarf nemandi að hafa staðizt inntökuþróf í skólann, er sýni, að hann hafi lokið sem svarar tveggja vetra gagnfræðanámi, eða sanna, að hann hafi lokið gagnfræðaprófi eða öðru prófi jafngildu. Nánari ákvæði um þetta setur ráðuneytið með reglugerð.

7. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok skólaárs, og er próf fjórða bekkjar kennaraþróf. Ljúka má námi í einstökum gagnfræðagreinum í öðrum eða þriðja bekk, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraþrófskirteini.

8. gr.

Um inntöku stúdenta og annarra utanskólamanna fer eftir ákvæðum í reglugerð, sem ráðuneytið setur.

9. gr.

Stofna skal, svo fljótt sem því verður við komið, æfingaskóla í sambandi við kennaraskólann með öllum ársdeildum venjulegra barnaskóla.

10. gr.

Við kennaraskólann og æfingaskólann skulu vera sex fastir kennarar auk skólastjóra og aukakennarar eftir þörfum, og séu þeir ráðnir í samráði við fræðslumálastjóra

11. gr.

Fræðslumálastjórnin hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur honum reglugerð. Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 22. nóv. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík, eun fremur l. nr. 10 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum.